

Fundur stjórnar foreldrafélags grunnskóladeildar

26. ágúst 2024, kl 17 í Herðubreið.

Mætt eru Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sigurveig Gísladóttir, Kristinn Már Jóhannesson, Óli Már Eggertsson, Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir. Hanna ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

1. Foreldrabekkjafundur

Skoða hvernig við getum kynnt betur fyrir foreldrum hlutverk foreldrafélagsins og stjórnarinnar, stjórnkerfið og boðleiðir. Kynna Heimili og skóla, mjög góðar upplýsingar á þeirri heimasíðu. Gerum það í upphafi skólaársins með formlegum pósti; hlutverkið okkar og virkni. Handbók frá heimili og skóla:
https://cdn.prod.website-files.com/60e71b181988600ec97c52e5/61ae1674da7b2b35e322eb64_HS_Handb%C3%B3k_grunnsk%C3%B3la-sept-15-1.pdf

2. Yfirfara fb: Taka út útskrifaða foreldra og bæta við nýjum

3. Veturinn framundan

4. Ábendingar frá foreldri

„Illa hirt umhverfi tók á móti börnunum á fyrsta skóladegi hvað varðar þrif og viðhald, einnig voru húsgögn sem ekki gegna daglegu hlutverki í staflað saman“

5. Næsti fundur

6. Önnur mál

Fundargerð:

1. Úr handbók Heimili og skóla: Hlutverkið er lögbundið.

Að sjá um starfsemi foreldrafélaga skv. grunnskólalögum nr 91/2008

- „Að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.“
- Að hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu
- Tengsl og samvinna við skólastjórnendur
- Tengsl við fulltrúa foreldra í skólaráði og fjölskylduráð sveitarfélagsins
- Tengsl og umsjón með störfum bekkjarfulltrúa (fulltrúaráð)
- Ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda í foreldrasamfélaginu
- Tengsl við nemendaráð og hagsmunagæsla vegna nemenda
- Tengsl við aðila utan skólans m.a. aðila í grenndarsamfélaginu og stjórnsýslunni
- Tengsl fulltrúa foreldrafélagsins við svæðisráð foreldra og landssamtök foreldra

Yfirmarkmið foreldrafélagsins kemur fram í 2. gr. laga félagsins, en það er meðal annars að vera samstarfsvettvangur foreldra, efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra

um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Veltum fyrir okkur hver er fulltrúi fyrir foreldrafélög í fjölskylduráði Múlaþings. Kristinn tekur að sér að senda fyrirspurn. Í stjórn foreldrafélagsins eru foreldrar barna í hverjum samkenndsluhóp þ.a. Hvert og eitt okkar mun kynna starf foreldrafélagsins og fara yfir hlutverk þess og boðleiðir.

1.-2. Bekkur: Hanna

3.-4. Bekkur: Elfa Hlín og Kiddi

5.-7. Bekkur: Kiddi, Sigurveig, Maggý, Sigga og Óli

8.-10. Bekkur: Óli og Hanna

2. Sigurveig tekur að sér að yfirfara lista yfir foreldra, þ.e. Hverjir eru nýir og hverjir hafa útskrifast og taka til inni á fb.

3. Fram til áramóta:

-Hrekkjavökuball: athuga með 2. Nóvember hvort að það gangi. Hanna tekur að sér að tala við Danjál um það hvort að það sé planað að hafa blakmót. Okkur langar til að virkja betur leiki á ballinu sérstaklega fyrir yngri krakkana. -

Útikennslustofan orðin mjög sjúskuð og jafnvel hættuleg. Þyrfti t.d. að laga bjálkana, drumbarnir sem þau sitja á orðnir sjúkaðir, þyrfti að gera úttekt. Tala við Náttúruskólann, Brúarásskóla, Skógræktina til að fá hugmyndir. Sigurveig talar við Brúarásskóla, Hanna talar við Náttúruskólann. Er hægt slétta svæðið? Tengja þetta við samfélagssjóð Múlaþings? Hanna tekur að sér að ræða þetta nánar á næsta skólaráðsfundi; fá fleiri hugmyndir, gera áætlun, ákveða hvert við viljum stefna með þetta og mögulega þá framkvæma næsta vor.

<https://www.austurfrett.is/frettir/endurbyggdhu-utikennslustofu-a-borgarfirdhi>

<https://www.alcoa.com/iceland/ic>

-Jólagleði og föndur; sjáum betur þegar nær dregur hvernig stuðið verður á starfsfólki, bókasafni og okkur.

Muna að taka myndir af viðburðum!!

4. Tekin er sú ákvörðun að áframsenda þetta erindi til skólastjórnar. Hanna tekur að sér að áframsenda erindið. Viðbót: hjólagrindin ekki á heppilegum stað, of nálægt götu. Spurning hvort að hægt væri að hafa hana sitthvoru megin við tröppur.
5. Hanna tekur að sér að spyrjast fyrir um á skólaráðsfundi; dagsetningar og fjölda. Lagt er til að hittast mánudaginn 23. September. Ræðum þá Alcoa styrk fyrir útikennslustofu, fræðslu og prógram fyrir 4. bekk sem er pínulítið útundan í öllu starfi.
6. Engin önnur mál.
Fundir slitið kl. 17:55.

